

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Austurlands þriðjudaginn 23. apríl 2019 í máli nr. U-2/2019:

Barnaverndarnefnd B

(Eva Dís Pálmadóttir lögmaður)

gegn

A

(Eva Dóra Kolbrúnardóttir lögmaður)

Mál þetta barst dóminum 20. febrúar sl. og var þingfest 26. sama mánaðar, en tekið til úrskurðareftir gagnaöflun og munnlegan málflutning þann 16. apríl sl.

Sóknaraðili er barnaverndarnefnd B [...].

Varnaraðili er A, kt. [...], en nú með dvalarstað að [...].

Sóknaraðili krefst þess í endanlegri kröfugerð sinni að hafnað verði kröfu varnaraðila um að ógiltur verði úrskurður frá 27. febrúar 2019 um að drengurinn C, sem lýtur forsjá varnaraðila, verði vistaður utan heimilis í tvo mánuði frá þeim degi, með skírskotun til 2. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Sóknaraðili krefst þess jafnframt að úrskurðað verði að nefndur drengur verði vistaður utan heimilis varnaraðila og á heimili á vegum sóknaraðila í tólf mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar dómsins, sbr. 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80, 2002.

Sóknaraðili krefst þess að lokum að málskostnaðarkröfu varnaraðila verði hafnað.

Varnaraðili krefst þess í endanlegri kröfugerð sinni að hafnað verði kröfu sóknaraðila um að úrskurðað verði að drengurinn C verði vistaður utan heimilis varnaraðila og á heimili á vegum sóknaraðila í tólf mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar dómsins. Varnaraðili krefst þess einnig að úrskurður sóknaraðila frá 27.

febrúar 2019 um að drengurinn skuli vistaður á vegum sóknaraðila í allt að tvo mánuði verði felldur úr gildi.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti, eins og eigi væri um gjafsóknarmál að ræða.

I.

1. Sóknaraðili og sonur hennar, C, [...] ára, [...].
2. Samkvæmt gögnum og því sem fram hefur komið í máli þessu, m.a. við flutning og í aðilaskýrslu, er varnaraðili fædd í [...], en fluttist til [...] þar sem hún eignaðist eldri son sinn, D, sem nú er [...]. Varnaraðili flutti þennan son sinn til föðurlands síns við tveggja ára aldurinn, þar sem hann hafði aðsetur hjá ættmendum hennar næstu árin, en hún hélt áfram búsetu sinni [...]. Nefndur drengur mun hafa komið á ný til [...] á árinu 2015 og hitti hann þá fyrir varnaraðila og hálfbróður sinn, C, en varnaraðili hafði eignast hann á árinu [...]. [...].

Samkvæmt gögnum hefur varnaraðili takmarkaða skólagöngu að baki, [...]. Þá hefur hún ekki unnið launaða vinnu um árabil, en hún hefur glímt við líkamleg veikindi.

3. Varnaraðili kom til [...] með syni sína, D og C, [...].
4. Samkvæmt gögnum hófust afskipti barnaverndarnefndar sóknaraðila af varnaraðila og sonum hennar í marsmánuði 2018. Virðist áherslan fyrst og fremst hafi beinst að málefnum eldri drengsins, D, en lyktir urðu að lokum m.a. þær að

hann var tvívegis neyðarvistaður utan heimilis varnaraðila, og þann 14. janúar sl. kvað nefndin upp úrskurð um vistun D utan heimilis í tvo mánuði. Samhliða þessum aðgerðum gekkst varnaraðili undir sálfræðilegt forsjárhæfnismat, en skýrsla þar um er dagsett 1. febrúar sl. Liggur fyrir að í kjölfar alls þessa krafðist sóknaraðili þess fyrir dómi að drengurinn D yrðir vistaður utan heimilis varnaraðila í tólf mánuði. Með úrskurði héraðsdóms þann 12. mars sl. var fallist á kröfuna, en með úrskurði Landsréttar þann 16. apríl sl. var sú niðurstaða staðfest og þá frá 14. janúar 2019 að telja.

5. Á grundvelli nefnds forsjárhæfnismats og ofangreindra gagna höfðaði sóknaraðili mál það sem hér er til umfjöllunar varðandi drenginn C, þann 20. febrúar sl., og þá með fyrrnefndri kröfu um vistun utan heimilis varnaraðila í tólf mánuði. Að auki krafðist sóknaraðili með úrskurði barnaverndar uppkveðnum 27. febrúar sl. að drengurinn yrði vistaður utan heimilis í allt að tvo mánuði. Varnaraðili hefur tekið til varna og þar á meðal með málskoti sínu vegna hins síðarnefnda úrskurðar.

Auk nefnds forsjárhæfnismats eru helstu gögn máls þessa greinargerðir starfsmanna barnaverndarnefndar og fjölmörg önnur gögn, sem öll lýsa aðgerðum og afskiptum barnaverndarnefndar, lögreglu, skólayfirvalda o.fl.

6. Um málavexti vísar sóknaraðili m.a. til fyrrnefndra úrskurða frá 14. janúar og 27. febrúar sl., en eins og áður sagði varðar sá fyrrnefndi helst málefni D, eldri bróður C. Sóknaraðili bendir á að í þessum úrskurðum séu raktar margar barnaverndartilkygningar sem varðað hafi D, en að sumar hafi einnig varðað drenginn C. Sem dæmi getur sóknaraðili um tilkygningu frá Grunnskólanum [...] í marsmánuði 2018 þar sem lýst hafi verið yfir áhyggjum um líðan drengsins D,

vísaði hafi verið til tilfinningalegrar vanrækslu og að varnaraðili gerði miklar kröfur til hans og að hann bæri ábyrgð á að koma yngri bróður sínum, C, til og frá skóla. Þessu til skýringar hafi verið greint frá því að þegar D hafi orðið veikur hafi hann haft miklar áhyggju af C og þá um það hvernig hann kæmist í skólann. Þá hafi verið greint frá því í tilkynningunni að C kæmi ekki í skólann þá daga sem eldri bróðir hans væri veikur heima. Sóknaraðili bendir á að í skólatilkynningum hafi það einnig komið fram að eldri drengurinn hafi ekki fengið að taka þátt í tómsfundum og hafi ekki haft leyfi til þess að fara í félagsmiðstöðina eða taka þátt í viðburðum á vegum skólans. Það sama hafi og átt við drenginn C. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt skólatilkynningu hafi einnig komið fram að varnaraðili hafi ekki vaknað með drengjunum á morgnana, að þeir hafi ekki borðað morgunmat og hafi ekki komið með nesti í skólann. Einnig segir frá því að D hafi haft innsýn í fjármál fjölskyldunnar og hafi m.a. haft orð á því að varnaraðili hefði ekki efni á því að kaupa nesti handa sér og yngri bróður sínum. Sóknaraðili tekur fram að þessi síðastgreindu atriði hafi ekki haft fulla stoð í greinargerð umsjónarkennara drengsins C á þessum tíma. Sóknaraðili vísar enn fremur til þess að eldri drengurinn hafi að einhverju marki upplýst um ofbeldi af hálfu varnaraðila í sinn garð, en að hann hafi látið þess getið að yngri bróðir hans, C, hafi ekki þurft að þola slíkt athæfi.

7. Í úrskurðum sóknaraðila segir frá því að vegna ofangreindrar atburðarásar hafi starfsmaður barnaverndar rætt við drenginn D, sem hefði staðfest efnisatriði skólatilkynninganna, en jafnframt hafi verið haft eftir honum að varnaraðili öskraði mikið og væri alltaf í símanum og þá í þeim tilgangi að leita að húsnaði annars staðar á Íslandi.

Segir frá því að starfsmaður barnaverndar hefði einnig rætt við varnaraðila um efni ofangreindra tilkynninga. Er staðhæft að varnaraðili hafi að nokkru staðfest nefnd efnisatriði og hafi starfsmaðurinn við greint tækifæri kynnti henni hlutverk barnaverndar, barnaverndarlög og alvarleika þess að beita börn ofbeldi, en að auki um þá ábyrgð sem eldri drengurinn bæri o.fl. Af þessu tilefni hafi varnaraðila verið boðin aðstoð inn á heimilið, en að hún hafi í raun gefið lítið út á það.

8. Í málavaxtalýsingu sinni vísar sóknaraðili til þess að barnaverndarnefnd hans hafi í maí 2018 borist tilkynning frá [...] þess efnis að varnaraðili hafi komið í athvarfið að morgni dags með syni sína tvo. Hafi starfsmenn [...] illa skilið hana að öðru leyti en því að hún hefði verið með orð um að hún þyrfti að fara til læknis, en í framhaldi af því hefði hún skilið drengina eftir í umsjón starfsmanna. Vísað er til þess að í nefndri tilkynningu hafi m.a. verið tiltekið að drengurinn D hefði haft orð á því við starfsmenn [...], að hann hræddist varnaraðila og enn fremur að hún hefði ekki í nein hús að vanda í Reykjavík, að hann hefði miklar áhyggjur af henni og óttaðist að hún myndi deyja. Tekið er fram að við þessar aðstæður hefði varnaraðili skilið drengina eftir í um átta klukkustundir, en við komu hefði hún verið í miklu ójafnvægi og af þeim sökum hefðu starfsmenn [...] ekki treyst henni til að fara með drengina. Vegna þessa hefðu m.a. starfsmenn barnaverndar sóknaraðila verið kallaðir til.

Í nefndum úrskurðum sóknaraðila er nánar vikið að ofangreindum atburði, en einnig í framlögðum gögnum. Er tekið fram að málið hefði að lokum leyst farsællega og þá í góðri samvinnu við varnaraðila og þá með þeim hætti að hún hefði skipulagt stutta dvöl drengjanna í [...], þar sem þeir hefðu

þekkt til aðstæðna vegna hinnar fyrri dvalar þar í bæ, en þar um segir nánar: „Var það mat starfsmanns barnaverndar að úr því sem komið var væru drengirnir öruggir. Starfsmaður barnaverndar lagði ríka áherslu á góð samskipti við sóknaraðila á meðan fjölskyldan dveldi í [...] sem gekk eftir.“ Er vísað til þess að varnaraðili hafi látið vita þegar fjölskyldan kom aftur í heimbyggð sína í byrjun júní, en þá hafi hún m.a. og hitt starfsmann barnaverndar og hafi í framhaldi af því verið haldnir reglubundnir fundir með henni.

9. Sóknaraðili vísar til þess í úrskurðum sínum að í ágústmánuði 2018 hafi lögreglan, að fyrirlagi nágranna, verið kölluð að heimili varnaraðila vegna öskurláta og hávaða, og þá vegna grunsemda um að um ofbeldi gegn barni væri að ræða. Bent er á að þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi bræðurnir C og D verið í góðu jafnvægi og varnaraðili róleg. Hafi hún verið með þær útskýringar að henni lægi hátt rómur, en hefði ekki verið að beita ofbeldi. Greint er frá því að lögreglumennirnir hefðu leitað frekari skýringar hjá nágrönnunum, sem hefðu áréttað að mikil læti hefðu borist frá íbúð varnaraðila og hefði bæði verið um öskur og grát barna að ræða.

10. Vísað er til þess að í sama mánuði, ágúst 2018, hafi borist tilkynning frá Grunnskólanum [...] þess efnis að áhyggjur væru af aðstæðum sona varnaraðila og þá vegna þeirra uppeldisaðferða sem hún virtist viðhafa. Er staðhæft í tilkynningum að varnaraðili beitti drenginn D líkamlegu ofbeldi og að hann hræddist hana af þeim sökum. Þá er greint frá því í tilkynningunni að varnaraðili hafi bannaði C og D að sækja tómsundur utan skólans og enn fremur er sagt að hún hafi meinað þeim að sækja danstíma á skólatíma þrátt fyrir að þeir hefðu báðir lýst yfir vilja til þess að taka þátt í slíkri kennslu.

11. Í málavaxtalýsingu sóknaraðila segir frá því að þann 13. september 2018, um kvöldmatarleytið, hafi [...] greint starfsmanni barnaverndar frá því að drengurinn D hefði komið á heimili hans og neitað að fara heim til sín sökum þess að sóknaraðili hefði hótað að lemja hann. Vísað er til þess að í kjölfar þessa hafi farið af stað ferli sem leiddi til þess að drengurinn var sama dag neyðarvistaður utan heimilis á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá hafi varnaraðili samþykkt áframhaldandi vistun hans utan heimilis á grundvelli 25. gr. barnaverndarlaga þann 27. september og þá í fimm vikur, en með reglulegum heimsóknnum og þá undir eftirliti í fyrstu. Er þessum atvikum lýst nánar í úrskurði sóknaraðila í máli eldri drengsins.

12. Sóknaraðili bendir á að í kjölfar ofangreindra atburða hafi varnaraðila m.a. verið útvegaður lögmaður. Að auki hafi verið kallaðir til sálfræðingur og fjölskylduráðgjafi, [...]. Auk þessa hafi starfsmenn barnaverndar sinnt stífu eftirliti með varnaraðila og sonum hennar, en m.a. hafi þeir haft eldri drenginn í reglulegum viðtölum í skólanum. Þá hafi öll fjölskyldan verið í fjölskylduráðgjöf til þess að bæta tengsl sín á milli og efla foreldrahæfni varnaraðila. Áætlanir hafa verið gerðar í máli eldri drengsins samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga en ekki í máli C. Þá hafi eldri drengnum verið skipaður talsmaður samkvæmt 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga, en einnig hafi verið reynt að fá honum stuðningsfjölskyldu og fjölskyldunni allri tilsjón inn á heimilið, en þau atriði ekki gengið sem skyldi og þá m.a. vegna andstöðu varnaraðila. Um það sem á eftir fór segir m.a. í úrskurðum barnaverndarnefndar sóknaraðila:

„Þrátt fyrir framangreint hafa starfsmenn barnaverndar útrekað farið í útköll á heimili fjölskyldunnar eftir að drengurinn (D) kom úr vistun, þá vegna

hávaða eða vegna þess að drengurinn hafi hlaupið út til fyrrum vistforeldra og upplýst um að sóknaraðili hafi hótað að beita hann ofbeldi. Enn fremur hafa starfsmenn barnaverndar haft afskipti af heimilinu þegar drengurinn hefur ekki farið eftir þeim reglum sem sóknaraðili hefur sett.“

13. Í málavaxtalýsingu og nefndum úrskurðum sóknaraðila segir m.a. frá því að þann 3. janúar 2019 hafi sóknaraðili samþykkt að óska eftir forsjárhæfnismati á varnaraðila. Síðar sama dag hafi starfsmenn barnaverndar verið kallaðir til af lögreglu og hafi eldri drengurinn, D, í framhaldi af því á ný verið neyðarvistaður utan heimilis varnaraðila á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaganna. Í kjölfar þessa atburðar hafi sóknaraðili þann 14. janúar 2019, eins og áður er fram komið, úrskurðað um vistun D utan heimilis varnaraðila í tvo mánuði á grundvelli 27. gr. sömu laga. Hafi varnaraðili brugðist við með málskoti þann 4. febrúar og krafist ógildingar, en mál hennar hafi verið þingfest fyrir dómi 8. sama mánaðar.

14. Fyrir liggur að þann 17. janúar sl. hitti matsmaðurinn E sálfræðingur varnaraðila, kærasta hennar og drengina C og D. Í kjölfarið vann hann sálfræðilegt mat á forsjárhæfni varnaraðila, en það er dagsett 1. febrúar 2019.

Samkvæmt gögnum kynntu starfsmenn sóknaraðila varnaraðila forsjárhæfnismatið á fundum þann 11. og 12. febrúar sl., sem haldnir voru á heimili hennar, en viðstaddur fundina var lögmaður hennar. Segir frá því að drengurinn C hafi verið heima við er þetta gerðist og sem „fyrir í símanum með heyrnartól og hafði ekki farið í skólann.“

15. Fyrir liggur að sóknaraðili leit svo á að nauðsynlegt væri að bregðast frekar við vegna framkominna gagna og þá ekki einungis með fyrrnefndri kröfu um að

drengurinn D yrði vistaður utan heimilis varnaraðila í tvo mánuði. Liggur fyrir að við fyrirtöku nefnds máls krafðist hann þess að drengurinn yrði vistaður utan heimilis varnaraðila í allt að 12 mánuði, sbr. heimildarákvæði 28. gr. barnaverndarlaganna. Gekk það eftir, sbr. áðurgreindan endanlegan úrskurð Landsréttar frá 16. apríl sl.

16. Eins og áður er rakið höfðaði sóknaraðili mál þetta fyrir dómi er hann krafðist úrskurðar um vistun drengsins C utan heimilis varnaraðila í tólf mánuði á grundvelli 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Málgögn bárust 20. febrúar 2019, en til grundvallar lágu áðurgreind gögn og þar á meðal greinargerð starfsmanna barnaverndarnefndar, sem dagsett er 14. febrúar nefnt ár. Í greinargerðinni er atburðarásinni frá því í marsmánuði 2018 að nokkru lýst. Þar um segir m.a. enn fremur um aðstæður drengsins C:

[...]

Í samantektarkafli greinargerðarinnar er vísað til forsjárhæfnismats sálfræðings, en síðar segir enn fremur m.a.: *Starfsmenn barnaverndar hafa kannað málefni C ... en ekki hefur verið gerð áætlun um meðferðmálsins skv 23. grein barnaverndarlaga. Þær áætlanir sem hafa verið gerðar vegna bróður drengsins hafa ekki skilað tilætluðum árangri. ... Eins og fram hefur komið hafa starfsmenn barnaverndar verið með umtalsverðan stuðning inn á heimilinu. Það hefur falið í sér mikla viðveru á heimilinu sem hefur gefið starfsmönnum barnaverndar góða innsýn í heimilisaðstæður drengsins. C er undantekningarlaust með heyrnatól á eyrunum og að spila leik í síma sínum eða að horfa á sjónvarpið. Drengurinn er afskiptur og hafa stm.bvn lítið orðið varir við samskipti móður við drenginn. Er það mat stm.bvn að drengurinn búi við bágar heimilisaðstæður þar sem ekki er hlúð fyllilega að grunnþörfum hans, né félags- og tilfinningaþroska. Þá er það mat*

stm.bvn að fullreynt sé að veita móður stuðning og ráðgjöf en móðir virðist ekki hafa færni til að tileinka sér þær leiðbeiningar sem stm.bvn hafa lagt upp með. Með ofangreint í huga er það mat stm.bvn að drengurinn getur ekki búið á heimili móður. Stm.bvn leggja til að drengurinn verði vistaður utan heimilis í allt að 1 ár skv. 28. grein barnaverndarlaga nr 80/2002.

17. Samkvæmt vottorði [...], sem dagsett er 15. febrúar 2019, er greint frá því að námsstaða drengsins C hafi verið mjög alvarleg. Þó er tekið fram að heimanámi hans í stærðfræði og skrift hafi verið sinnt. Greint er frá því að drengurinn tjái ekki tilfinningar sínar og sé yfirleitt alltaf eins. Þá segir að félagsstaða C sé erfið og að hann hafi engin tengsl við skólafélaga utan skólatíma, stundi ekki íþróttir og sé ekki í heilsdagsvistun. Tekið er fram að skólamæting sé mjög slök, en þar um er vísað til yfirlits yfir hana. Einnig er tekið fram að C mæti oftast með nesti og að hreinlæti sé ekki vandamál, en hins vegar séu samskiptin við heimili hans erfið. Að lokum er tekið fram að skólinn hafi verulegar áhyggjur af stöðu drengsins, sérstaklega varðandi félagslega stöðu og þátttöku í samfélaginu.

18. Samkvæmt gögnum fór starfsmaður barnaverndar þann 15. febrúar sl. á heimili varnaraðila með drenginn D í áður ákveðna og skipulagða umgengni. Greint er frá því að varnaraðili hafi ekki verið á heimili sínu þegar til kom, en upplýsingar hafi verið um að hún hefði kvöldið áður farið til Reykjavíkur með yngri drenginn, C. Fram kemur í gögnum barnaverndar að varnaraðili hafi í símtali upplýst að hún væri væntanleg í heimbyggð eftir tvær vikur, en staðhæft er að hún hafi með þessari háttsemi vanrækt skólaskyldu sonar síns C. Þá er skráð að varnaraðili hafi hafnað því að vera til samstarfs um málefni drengsins og enn fremur neitað að greina frá dvalarstað þeirra mæðgina.

19. Sóknaraðili lýsir málavöxtum á þá leið að varnaraðili hafi framan af verið í samstarfi við starfsmenn barnaverndar, en er hér hafi verið komið sögu hafi verið talið fullreynt að hún myndi ekki snúa til baka og því hafi lögmaður hennar verið boðaður á fund barnaverndarnefndar þann 27. febrúar 2019. Á fundinum hafi m.a. verið farið yfir áðurgreind gögn, þ. á m. nýlegt forsjárhæfnismat, vottorð frá grunnskólanum og greinargerð starfsmanna barnaverndar frá 14. janúar. Síðan segir m.a. í gögnum sóknaraðila: *„Telja verður ljóst að þótt móðir hafi fengið umtalsverða uppeldisráðgjöf, bæði í gegnum félagsþjónustu og barnavernd, hafi hún skilað litlum sem engum árangri. Hafa starfsmenn barnaverndar dregið í efa að móðir hafi færni til að tileinka sér það sem er lagt upp með til að efla foreldrahæfni hennar og var því óskað eftir forsjárhæfnismati í því skyni.“* Lokaorðin og niðurstaða nefndarinnar er sem hér segir: *„Þau úrræði og stuðningsaðgerðir sem barnaverndarnefnd hefur gripið til hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Er það mat barnaverndarnefndar að við þær aðstæður sem hér eru til úrlausnar sé ekki unnt að beita vægari úrræðum móður til stuðnings og var það m.a. ástæða þess að sett var fram krafa um vistun drengsins utan heimilis með vísan til 28. gr. barnaverndarlaga. Það er ljóst að matsmaður telur drengjunum ekki borgið í vistun móður til framtíðar. Frá því barnaverndarnefnd tók síðast fyrir mál drengsins á fundi þann 11. febrúar sl. hafa aðstæður gjörbreyst. Á þeim fundi hafði barnaverndarnefnd verulegar áhyggjur af stöðu drengsins og tók fram að yrði það mat starfsmanna að nauðsynlegt yrði að úrskurða um vistun drengsins utan heimilis yrði boðað til nýs fundar í því skyni við fyrsta hentugleika. Móðir komst í mikið uppnám fyrst eftir að henni voru kynntar niðurstöður forsjárhæfnismats og fyrirhuguð viðbrögð barnaverndarnefndar. Þrátt fyrir að um hægðist degi síðar og móðir ræddi við starfsmenn barnaverndar*

verður ekki framhjá því litið að hún fór af heimilinu u.þ.b. 2 dögum síðar með drenginn og svaraði fyrst um sinn ekki starfsmönnum barnaverndar. Eftir að hún fór að svara þeim hefur hún ekki viljað upplýsa um hvar hún og drengurinn eru stödd eða gefa aðrar upplýsingar sem hægt væri að nýta til að ganga úr skugga um að drengurinn sé öruggur. Lögmaður hennar hefur heldur ekki fengið þessar upplýsingar. Þá hefur móðir útrekað hóttað því að hún hyggist fara af landi brott með drenginn og þá helst til [...]. Ekki hefur verið hægt að koma á fundi með talsmanni drengsins og honum þar sem ekki er kunnugt um dvalarstað hans. Skólaskyldu drengsins hefur ekki verið sinnt undanfarnar vikur og ljóst er að eldri drengurinn er utan heimilis. Barnaverndarnefnd hefur miklar áhyggjur af stöðu móður og barns, enda ekki vitað um neitt tengslanet hennar og samtöl hennar við starfsmenn barnaverndar hafa bent til þess að hún sé í miklu ójafnvægi. Í ljósi alls framangreinds telur barnaverndarnefnd að uppfyllt séu skilyrði 27. gr. barnaverndarlaga, sbr. 26. gr., um að brýnir hagsmunir mæli með því að drengurinn verði tekinn af móður og vistaður utan heimilis hennar í allt að tvo mánuði eða þar til úrskurður Héraðsdóms Austurlands gengur. Barnaverndarnefnd er skylt að beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu drengnum fyrir bestu og hagsmunir hans skulu hafðir í fyrirrími samkvæmt 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Önnur og vægari úrræði eru ófullnægjandi. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir drenginn um að mál hans sé í sama ferli og eldri drengsins, en hægt ætti að vera að koma honum í vistun á sama heimili og hann dvelur. Málið hefur verið kannað vel og telst það nægjanlega upplýst, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. barnaverndarlaga, sbr. og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til þess og þess sem að framan er rakið telur barnaverndarnefnd B að uppfyllt séu skilyrði 27. gr. barnaverndarlaga um að brýnir hagsmunir drengsins

mæli með því að hann skuli vistaður utan heimilis í 2 mánuði, sbr. b lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga. Í ljósi þess að móðir hefur ítrekað látið að því liggja við starfsmenn barnaverndar að hún hyggist jafnvel fara með drenginn úr landi, að ekki er vitað um dvalarstað hennar sl. 13 daga og að óvíst er hversu langan tíma tekur eða vel gengur að fullnusta úrskurð um vistun drengsins utan heimilis móður ákveður barnaverndarnefnd B að móður sé óheimilt að fara með barnið úr landi, sbr. d-lið 1. mgr. 26. gr. barnaverndarlaga, í tvo mánuði frá deginum í dag að telja.“

20. Fram kemur í gögnum að í kjölfar nefnds fundar sóknaraðila hafi verið haft samband við lögreglu, en að mjög fljótlega hafi þá komið í ljós að varnaraðili hafði farið úr landi þann 14. febrúar ásamt syni sínum C og þá til [...]. Í gögnum er því lýst að sóknaraðili hafi verið í samskiptum við Barnaverndarstofu, lögreglu, lögmann varnaraðila og barnaverndaryfirvöld [...] og að það hafi að lokum leitt til þess, þann 14. mars, að [...] barnaverndaryfirvöld brugðust við og fóru á dvalarstað varnaraðila þar í landi og fluttu hana og drenginn C á sjúkrahús til að kanna heilsufar þeirra. Af þessu tilefni liggur fyrir sálfræðilegt vottorð dr. F um varnaraðila, en þar segir m.a.:

„Við sálfræðilegat mat tókum við eftir því að þetta er vinalega kona, meðvituð um öll þrjú atriði(tíma, stað og persónu) sem kemur fyrir sem ábyrg manneskja. Við tókum ekki eftir geðtruflunum, kvíðatruflunum eða vandamálum innan geðræna rófsins. Ekki er um áráargirni að ræða, hvorki gangvarthenni sjálfri né gagnvart öðrum. Hingað til höfum við ekki tekið eftir nokkurri geðrænu ástandsmynd hjásjúklingi. Þegar við könnum sjúkrasögu hennar, í samtali við lögegluna og prestinn, en hjá honum dvelursjúklingurinn, fáum við heldur engar vísbendingar um geðræn vandamál.“

Fyrir liggur að [...] barnaverndaryfirvöld tóku ákvörðun um að vista drenginn C á sérstökuvistheimili þar í landi, en að lokum var hann sóttur af íslenskum barnaverndarstarfsmanni þann 18. Mars sl., en í framhaldi af því var honum komið fyrir hjá fósturforeldrum á heimili á vegum sóknaraðila í [...], hinu sama og eldri bróðir hans hafði verið komið fyrir á nokkru áður.

21. Á meðal gagna eru dagálar starfsmanna sóknaraðila, sem greina að nokkru frá líðan drengsins C undanfarnar vikur, en einnig eru gögn um að varnaraðili hafi komið á ný til landsins 25. mars sl. Hún hefur nú íverustað á vegum sóknaraðila á höfuðborgarsvæðinu, en hún gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð máls þessa þann 16. apríl sl.

II.

1. Varnaraðili andmælir málavaxtalýsingu sóknaraðila hér að framan að nokkru leyti. Hún vísar m.a. til þess, að þrátt fyrir að hún hafi ekki alltaf haft skilning á afskiptum barnaverndarnefndar hafi hún samþykkt að eldri sonur hennar, D, yrði vistaður utan heimilis í fimm vikur [...]. Hún hafi hins vegar talið að sú ráðstöfun hafi ekki verið nauðsynleg. Varnaraðili vísar jafnframt til þess að hún hafi í raun samþykkt alla þá aðstoð sem henni og drengnum hafi boðist og þá m.a. frá starfsmönnum sóknaraðila, en að auki hafi hún lagt sig alla fram um að sýna samvinnu og breyta háttsemi sinni til samræmis við þær kröfur sem beint hafi verið að henni.

2. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili eða starfsmenn barnaverndar hafi ekki haft afskipti af drengnum C fram til þess tíma er forsjárhæfnismat sálfræðings lá fyrir í máli þessu, ef frá hafi verið talin áðurlýst afskipti í maímánuði 2018, er hún leitaði lækniaðstoðar í Reykjavík og fór með drengina [...].

3. Varnaraðili bendir á að er henni hafi fyrirvaralaust verið kynnt fyrrnefnt forsjárhæfnismat sálfræðings, þann 11. febrúar 2019, af starfsmönnum barnaverndar og að viðstöddum lögmanni hennar, hafi henni brugðið mjög illa, enda hafi henni verið tjáð að niðurstaðan hefði ekki verið góð og að jafnframt hefðu verið hugleiðingar um að taka einnig yngri drenginn hennar, C, af heimilinu. Hún hafi því orðið mjög óttaslegin, en að auki hafi hún tapað öllu trausti sem hún hefði haft á barnaverndinni og að lokum brugðist við eins og hér að framan hefur verið rakið. Hafi áform hennar á þeirri stundu verið að hefja búsetu [...], þar sem hann hefði örugga framfærslu og húsnæði, sbr. framlögð gögn þar um, enda hefði henni ekki tekist að finna ákjósanlegt húsnæði í [...], líkt og nefndir synir hennar hefðu farið fram á.

4. Varnaraðili getur þess að í stað nefndra vistunaraðgerða sóknaraðila hefði vilji hennar fremur staðið til þess að þiggja enn frekari stuðning og þá t.d. með því að fá tilsjónarkonu inn á heimilið og að viðkomandi gæti þannig aðstoðað hana við uppeldi drengjanna.

III.

1. Eins og áður er rakið óskaði Fjölskyldusvið sóknaraðila eftir sálfræðilegu mati á forsjárhæfni varnaraðila. Nánar tiltekið var það gert þann 28. desember 2018. Var E, sérfræðingi í klínískri sálfræði og réttarsálfræði, falið verkið. Matsskýrsla sálfræðingsins er dagsett 1. febrúar sl., en þar er í rökstuddri niðurstöðu m.a. lagt mat á atriði, sem varða varnaraðila og syni hennar, en þá helst eldri soninn, D, en einnig er vikið að þeim yngri, C. Umfjöllunarefni skýrslunnar eru nánar sem hér segir: Forsjárhæfni og skilningur á þörfum og hagsmunum barns, vilji sóknaraðila til þess að annast uppeldishlutverk sitt, tengsl milli hennar

og drengjanna m.t.t. aldurs og þroska, en einnig tengsl annarra sem standa að þeim. Þá er í skýrslunni vikið að helstu styrkleikum og veikleikum varnaraðila í uppeldislegu tilliti og enn fremur að því hvort hún búi yfir nauðsynlegri og nægilegri hæfni til að veita drengjunum fullnægjandi uppeldi. Í skýrslunni er einnig lagt mat á þroska, líðan og námslega og félagslega stöðu drengjanna í skóla og utan hans. Þá er tekið til skoðunar hvort velferð eða þroska drengjanna sé ógnað í einhverju tilliti og þá með því að alast upp í umsjá varnaraðila. Einnig er í skýrslunni lagt mat á persónulega eiginleika og félagslegar aðstæður varnaraðila, en einnig á andlegt ástand hennar og möguleg geðræn einkenni. Loks er lagt mat á þörfina fyrir meðferð og/eða stuðningsúrræði fyrir varnaraðila og á hæfni hennar til þess að nýta sér meðferð og/eða stuðningsmeðferð. Loks er vikið að öðrum mikilvægum atriðum sem matsmaðurinn telur að skipti máli og þá í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á stöðu varnaraðila og sona hennar.

2. Í aðfaraorðum matsskýrslunnar er gerð grein fyrir þeim gögnum sem matsmaðurinn hafði undir höndum við gerð hennar. Einnig segir frá því í skýrslunni að matsmaðurinn hafi farið á heimili varnaraðila og að hann hafi átt þar viðtal við hana, en einnig lagt fyrir hana sálfræðileg próf, en þá fengið aðstoð sambylismanns hennar, enda hafi hann þá verið staddur á heimilinu. Í matsskýrslunni er gerð grein fyrir því að sálfræðingurinn hafi við gerð skýrslunnar átt samræður við drenginn D, en einnig við vistforeldra hans, stuðningsaðila og aðstoðarskólastjóra grunnskólans [...].

3. Í hinni sálfræðilegu matsskýrslu er m.a. fjallað um bakgrunn varnaraðila svo og um atvik máls eftir að hún fluttist ásamt sonum sínum tveimur til [...]. Þá er fjallað um samskipti og síðar afskipti félags- og barnaverndaryfirvalda, en

einnig er lýst aðstæðum á heimili varnaraðila og gerð grein fyrir fyrrnefndum viðtölum, en einnig félagslegum aðstæðum, heilsufari og veittum stuðningi. Loks er gerð grein fyrir niðurstöðum sálfræðiprófa og vikið að upplýsingum frá skóla.

4. Í samantektar- og niðurstöðukafla nefndrar skýrslu er gerð grein fyrir áðurgreindum álitaeftum. Segir m.a. um forsjárhæfni varnaraðila, þar sem einkum er fjallað um drenginn D, eftirfarandi: *„Þegar farið er yfir þau gögn sem liggja fyrir, viðtöl við móður og drenginn, skoðun á samskiptum, sálfræðileg próf og upplýsingum frá aðilum sem hafa tengst fjölskyldunni, má sjá að þetta mál er alvarlegt og lýsir lengri tíma vanda.“* Nánar segir um forsjárhæfni varnaraðila og þá sem uppalanda drengjanna: *„Vanræksla móður á drengjunum tekur til flestra þátta í þeirra daglegu lífi. Hún hefur ekki styrkt drengina félagslega, hefur ekki sinnt þeirra skólanámi og hefur einangrað þá markvisst á heimilinu. Mikill stuðningur hefur verið reyndur til að laga stöðu fjölskyldunnar og bæta hæfni móður til að sinna nauðsynlegum þáttum í þeirra uppeldi en það hefur ekki gengið eftir. Þeir sem komið hafa að málinu eru sammála um að óverulegar breytingar séu á hæfni móður með stuðningi, ef þá einhverjar. Móðir [...]. Hins vegar er þetta mál alvarlegra en svo að hægt sé að skýra allt út frá [...]. Matsmaður lagði fyrir móður [...]. Matsmaður hefur því áhyggjur af hennar [...] almennt og skilningi hennar í þarfir drengjanna og getu til að taka við leiðbeiningum og læra nýjar aðferðir við uppeldi þeirra. Auk þess er ekki vitað nákvæmlega hvort móðir hafi lent í áföllum en tengslaleyfi hennar almennt er mjög alvarlegt. Slíkt getur komið vegna vanrækslu í æsku eða áföllum en hún vildi ekki ræða slíkt við matsmann. Á geðgreiningarviðtali komu ekki fram alvarleg geðræn einkenni og hún neitaði slíkum einkennum í sögu fyrir utan tvö depurðartímabil og að hún hafi áhyggjur af máli D. Í gögnum og í viðtölum við aðila komu ekki fram vísbendingar*

um alvarleg geðræn veikindi en klár merki [...] en það var ekki hægt að meta það sérstaklega nú með sálfræðiprófum. Móðir virðist hafa afar takmarkað innsæi í þarfir drengjanna eða eigin getu og takmarkanir. Útskýringar á málinu eru mjög einfaldar, hún virðist gagnrýnislaus og með fastmótaðar hugmyndir um hvernig hlutirnir eigi að vera sem gerir það að verkum að hún fer ekki eftir ráðum annarra. Hún virðist ekki hafa nein ráð til að takast á við hegðunar- og tilfinningavanda D og hennar skýringar eru óljósar og einfaldar. Ekki er því talið að móðir hafi nauðsynlega eða nægjanlega hæfni til að fara með forsjá barna sinna og vill matsmaður sérstaklega taka fram að hennar vanræksla er alvarleg og hennar vanskilningur á þörfum þeirra alvarlegur.“

5. Í matsskýrslunni segir m.a. um varnaraðila að hún hafi vilja til þess að annast uppeldi drengsins D, en þá þannig að hann komi á ný á heimili hennar. Um þetta segir og að sóknaraðili [...].

6. Í skýrslunni er staðhæft að varnaraðili hafi greinilegan og alvarlegan tengslavanda, en um það atriði segir nánar: „Við skoðun og í upplýsingum frá aðilum er áberandi tengslaleysi og ástleysi móður í þeirra garð. D hefur lýst þessu sjálfur í viðtali við matsmann, talsmann og í raun við alla sem komið hafa að málinu.“

Í skýrslunni segir um C að hann virðist vera afskiptur á heimili varnaraðila, og er ályktað að hann fái hvorki hlýju, athygli eða tengsl frá varnaraðila.

7. Um styrkleika varnaraðila segir í skýrslunni að hún sé reglusöm og með húsnæði og virðist sinna daglegum hlutum á heimilinu og eldi mat fyrir drengina. Að auki hafi hún að hluta til verið til samvinnu og sýnt greinilega vilja til að halda

drengjunum á heimilinu og óski þess að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig og að fjölskyldan sé sameinuð og í friði.

Um veikleika varnaraðila segir að hún sé haldin almennu innsæisleysi og skilningsleysi í þarfir drengjanna, en þar við bætist skert tengslahæfni, vangeta til að styrkja drengina félagslega og námslega svo og vangeta til þess að nýta sér ráðgjöf og stuðning. Er það niðurstaðan að þessu sögðu að varnaraðili hafi ekki hæfni til að sinna foreldrahlutverkinu með nægjanlegum hætti og að hún geti því ekki veitt sonum sínum fullnægjandi uppeldisskilyrði til framtíðar.

8. Að því er varðar þroska, líðan og námslega og félagslega stöðu sona varnaraðila segir almennt í skýrslunni: [...].

9. Um velferð C og eldri bróður hans D verði þeir í umsjón varnaraðila segir í skýrslunni:

„Matsmaður telur að velferð beggja drengjanna sé alls ekki borgið á heimili móður. Hingað til hafa þeir ekki fengið neinn stuðning félagslega, námslega eða í raun með neitt sem myndi styrkja þá. Móðir leggur ofur áherslu á trúarlegt uppeldi annars vegar og að þeir hlýði hins vegar. Hún virðist ekki hafa nein ráð til að takast á við hegðun D og C virðist að mestu afskiptur. Þeir virðast hvorki fá ástúð, umhyggju eða hvatningu. Móðir hefur fengið viðamikinn stuðning til langs tíma og ekki verður séð að hún hafi í raun breytt neinu eða nýtt sér ráðgjöf og leiðbeiningar og ekki verður heldur séð að hún hafi verið í samvinnu nema að hluta til. Að því leyti telur matsmaður litlar líkur á að hún muni geta bætt sína forsjárhæfni og talið er að ef drengirnir verði áfram á heimili móður þá mun það sannanlega ógna þeirra velferð til framtíðar.“

10. Í skýrslunni segir nánar um persónulega eiginleika, andlegt atgervi og félagslegar aðstæður svo og ástand varnaraðila og um möguleg geðræn einkenni hennar og þörf fyrir stuðningsúrræði og hæfni til þess að nýta sér slíka aðstoð: [...].

11. Lokaorðin í skýrslu matsmannsins eru svohljóðandi: „Ljóst er að ofan að matsmaður telur móður ekki vera með næga hæfni til að sinna drengjunum. Hennar veikleikar sem uppalandi eru alvarlegir og talið er að stuðningur til að bæta hennar forsjárhæfni sé full reyndur. Áhyggjur barnaverndar hafa mikið snúist um eldri drenginn enda hefur hann tjáð sig í orðum og hegðun. Hann [...]. Yngri drengurinn á ekkert tungumál að því er virðist og hefur lítið tjáð sig. Hann er yngri og hefur ekki farið að sýna hegðunarvandamál sem þó er hætta á þegar hann verður eldri og vill fá meira sjálfræði. Matsmaður vill því sérstaklega nefna áhyggjur sínar af stöðu drengsins á heimilinu.“

IV.

1. Sóknaraðili vísar til málavaxtalýsingar hér að framan, sbr. I. kafla, og byggir á því að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga, sbr. 26. gr. og 27. gr., og að brýnir hagsmunir mæli með því að fallist verði á kröfur hans um töku drengsins C af heimili varnaraðila og vistun hans utan þess. Þar um vísar sóknaraðili til ákvæða barnaverndarlaganna, einkum 1. mgr. 1. gr., 2. gr. og 1. mgr. 4. gr., en einnig til 1. gr. barnalaganna svo og 1. mgr. 3. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem hafi lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 19/2013.

2. Sóknaraðili vísar um kröfur sínar sérstaklega til þess sem fram hafi komið í áðurrakinni matsskýrslu sálfræðings um forsjárhæfni varnaraðila, en einnig til framangreindra greinargerða starfsmanna barnaverndar um viðvarandi ráðgjöf og aðstoð, en einnig til boðaðs og óboðaðs eftirlits með heimili varnaraðila og annarra gagna félagsþjónustu hans. Einnig bendir sóknaraðili á vottorð stjórnenda grunnskóla auk annarra gagna.

3. Það hafi verið niðurstaða sóknaraðila að allar fyrrnefndar ráðstafanir hafi í raun skilað litlum sem engum árangri. Hafa starfsmenn barnaverndar af þessum sökum dregið í efa að varnaraðili hafi færni til að tileinka sér það sem lagt hafi verið upp með til að efla foreldrahæfni hennar, en af þeim sökum hafi verið óskað eftir áðurgreindu forsjárhæfnismati. Þá hafi það verið álit hinna sérhæfðu starfsmanna að drengurinn C hafi búið við bágar heimilisaðstæður þar sem ekki hafi verið hlúð fyllilega að grunnþörfum hans, né félags- og tilfinningaþroska.

4. Sóknaraðili byggir á öllum framangreindum atriðum, en enn fremur á því að varnaraðili hafi ekki verið til fullrar samvinnu við sóknaraðila og hafi það verið mat hins sérfróða matsmanns að hún hafi í raun ekki haft vilja til þess að þiggja aðstoð, utan þess að koma drengjunum sínum til skóla.

5. Sóknaraðili vísar til þess að nefnt forsjárhæfnismat hafi þegar það lá fyrir frekar bent til þess að forsendur hafi þá strax verið til þess að krefjast forsjárviptingar beggja drengjanna og þar með beita meira íþyngjandi aðferðum en vistun drengjanna utan heimilis. Sóknaraðili bendir á að í fyrstu hafi verið afráðið að hafa meðalhófið að leiðarljósi og því hafi verið ákveðið að ganga ekki svo langt, enda þá talið að ekki hefði verið fullreynt hvort einhverjar breytingar

yrðu á stöðu og högum varnaraðila meðan á vistun drengjanna utan heimilis stæði. Engu að síður hafi matsmaðurinn látið það álit í ljós að báðum drengjunum væri ekki borgið í vistun hjá varnaraðila til framtíðar. Sóknaraðili byggir á því að í ljósi alls ofangreinds megi ljóst vera að hann hafi síst gengið of langt í kröfugerð sinni hér fyrir dómi, en það sé og mat hans að engin rök standi til þess að marka vistun skemmri tíma en fyrrnefnda tólf mánuði.

6. Í máltilbúnaði sínum vísar sóknaraðili til þess að mikið þúður hafi farið í vinnslu barnaverndarmáls eldri drengsins, D, og að þær áætlanir sem gerðar hafi verið samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga hafi fyrst og fremst tekið til hans, enda til staðar stöðugt ákall hans um aðstoð, en ekki að sama skapi frá yngri drengnum. Að þessu leyti vísar sóknaraðili til nefnds dómsmáls varðandi eldri drenginn nr. U- [...] /2019 og niðurstöðu Landsréttar að því leyti, sbr. mál nr. 235/2019.

7. Sóknaraðili byggir á að ljóst megi vera að ýmsar barnaverndartilkynningar hafi tekið til drengjanna beggja, þ. á m. fyrstu tilkynningar frá skóla og lögreglu, m.a. í mars 2018. Þá hafi allt barnaverndarstarf og fjölskylduráðgjöf eðli málsins samkvæmt miðað að því að bæta hag beggja drengjanna en ekki bara þess eldri, líkt og rakið hafi verið í dómsmáli eldri drengsins. Vegna þess hafnar sóknaraðili því að barnaverndin hafi ekki haft nokkur afskipti af málefnum drengsins C fram til þess er margnefnt forsjárhæfnismat lá fyrir í byrjun febrúar 2019, þó svo að það hafi verið ákveðinn vendipunktur, enda hafi hinn sérfróði matsmaður lýst yfir sérstökum áhyggjum af stöðu C á heimili varnaraðila, líkt áður hafi verið rakið.

8. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi brugðist við eftir að henni hafði verið kynnt niðurstaða forsjárhæfnismatsins með því að fara án alls samráðs úr

landi, ásamt drengnum C, og þá án þess að skeyta um hagsmuni hans, en m.a. hafi skólaskylda hans verið vanrækt í yfir einn mánuð. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi heldur ekki gert ráðstafanir varðandi varanlegt húsnæði, framfærslu eða annað. Þá virðist hún heldur ekki hafa gefið neinn gaum að [...]. Þá telur sóknaraðili að allar hugmyndir varnaraðila um flutninga til [...] hafi einnig verið skammt á veg komnar og hafnar hann því að fyrirbyggjandi gögn sanni að þar hafi hún ásamt drengnum C trygga framfærslu eða húsnæði, s.s. hún hafi haldið fram í kröfugerð sinni, ellegar að þau geti gengið að dvalarleyfi sem vísu þar. Að auki liggi það fyrir að sóknaraðili hafi farið með C til [...], en ekki til [...].

9. Sóknaraðili byggir á því að öll sjónarmið um að vægari úrræði hafi ekki verið reynd, meðalhófsregla ekki verið uppfyllt og hagsmunir drengsins kalli ekki á vistun utan heimilis, líkt og gripið hafi verið til með hinni tveggja mánaða kröfu um vistun, eigi ekki við rök að styðjast og þá í ljósi þess sem hér að framan hefur verið rakið. Sóknaraðili áréttar að hann hafi miðað allar aðgerðir sínar í máli þessu við meðalhóf, en í ljósi atvika og hvernig varnaraðili hafi brugðist við, en þ. á m. hafi hún verið ófáanleg til að upplýsa um dvalarstað sinn frá 15.-27. febrúar sl. Vegna þessarar afstöðu varnaraðila hafi sóknaraðili enga möguleika haft á því að ganga úr skugga um að drengnum C væri borgið. Það hafi því verið mat sóknaraðila, og þá í ljósi þess að önnur úrræði en vistun utan heimilis hafi verið metin ófullnægjandi, sbr. áskilnað 26. gr., sbr. 27. gr., barnaverndarlaga, að grípa þyrfti til aðgerða, en í kjölfarið hafi m.a. verið úrskurðað um vistun drengsins. Sóknaraðili vísar til þess og byggir á því að við undirbúning ákvörðunarinnar hafi legið fyrir viðamikil gögn um m.a. drenginn C, aðstæður og aðbúnað hans á heimili varnaraðila, áðurrakin gögn frá starfsmönnum skólastofnana og

barnaverndar og ekki síst sálfræðiskýrsla matsmanns. Þá hafi varnaraðila verið veittur andmælaréttur sem hún hafi nýtt sér með aðstoð lögmanns síns.

10. Sóknaraðili byggir á því að engar forsendur séu til staðar sem eigi að leiða til þess að ógilda eigi úrskurði hans eða ákvarðanir. Sóknaraðili hafnar og staðhæfingum varnaraðila um að fyrrnefndir úrskurðir hans standist ekki að formi til, og að þeir stríði gegn reglum um rannsóknarskyldu stjórnvalds, hlutlægnisskyldu og meðalhóf. Hann byggir enn fremur á því að mál drengsins C hafi verið nægjanlega upplýst áður en úrskurðurinn var kveðinn upp.

11. Sóknaraðili bendir á að ein af málsástæðum varnaraðila gegn kröfum hans um vistun drengsins C utan heimilis í tólf mánuði varði það að ekki hafi verið lagaheimild fyrir því að krefjast mætti úrskurðar um þá vistun, þann 20. febrúar sl., þar sem áður hafði ekki verið úrskurðað um vistun drengsins utan heimilis í tvo mánuði. Sóknaraðili andmælir sérstaklega þessari túlkun og bendir á að 14. gr. laga nr. 80/2011 hafi breytti 28. gr. barnaverndarlaga. Vísar hann til þess að í greinargerð með þeim, nánar tiltekið í umfjöllun um 14. gr., sé m.a. vísað til þess að barn sé í langflestum tilvikum vistað utan heimilis meðan mál samkvæmt lagagreininni sé í gangi fyrir dómstólum. Byggir sóknaraðili á því að af orðalaginu megi ráða að það sé ekki undantekningalaust og þ.a.l. ekki skylda. Hann byggir á því að orðalag 1. másl. 1. mgr. 28. gr. bendi til þess sama, þar sem segir: „*Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi.*“ Sóknaraðili byggir á því að með þessu sé verið að vísa til þess að ef þörf sé talin um kyrrsetningu barns eða vistun þess utan heimilis og að sú ráðstöfuninni sé markaður lengri tími en tveir mánuðir skuli leita til dómstóla. Því

sé það ekki fortakslaus krafa um að ráðstöfun samkvæmt 27. gr. verði að vera hafin áður en krafa sé gerð um hina lengri vistun. Byggir sóknaraðili á því að slík takmörkun á réttinum til að leita til dómstóla verði að koma fram með skýrum hætti í lögum. Og fallist dómurinn ekki á greind sjónarmið byggir sóknaraðili á því að þá sé enn frekar ástæða til þess að hinn kærði úrskurður um vistun utan heimilis standi meðan leitað verði til dómstóla að nýju með kröfu samkvæmt 28. gr. barnaverndarlaganna.

12. Um lagarök vísar varnaraðili til XI. kafla barnaverndarlaganna nr. 80/2002, að því er varðar meðferð máls, sbr. einkum 61. gr., en að því er varðar varnarþing vísar hann til V. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einkum 1. mgr. 32. gr., og um aðild vísar hann til 2. mgr. 62. gr. barnaverndarlaga. Að því er varðar kröfuna um vistun drengsins C utan heimilis sóknaraðila vísar varnaraðili til mgr. 28. gr. barnaverndarlaga, sbr. 26. og 27. grein sömu laga, en einnig vísar hann til 1. mgr. og 2. mgr. 1. gr. og 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna svo og 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og loks til 1. mgr. 3. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. 2. gr. laga nr. 19/2013. Um lagarök var af hálfu sóknaraðila við flutning einnig vísað til 10. og 1. mgr. 41. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

V.

1. Varnaraðili byggir á því að lýstar aðgerðir sóknaraðila og barnaverndar hafi verið of íþyngjandi miðað við aðstæður. Jafnframt byggir hún á því að ekki hafi verið reynd vægari úrræði til hlítar áður en úrskurðað var um vistun drengsins C utan heimilis, sbr. 23., 24., 25. gr., sbr. og 27. gr., barnaverndarlaga nr. 80/2002. Frekari stuðningsúrræði hefði þannig átt að veita varnaraðila og þá t.d. með því að fá henni tilsjónarkonu inn á heimilið til þess að leiðbeina henni með uppeldið. Hún

byggir á því að með slíkum úrræðum hefði hagur drengjanna hennar orðið betri og hún sjálf náð betri tókum á öllum samskiptum og uppeldi drengsins C, en með því móti hefði mátt auka vellíðan hans. Þessi til stuðnings bendir varnaraðili m.a. á fyrri fordæmi, líkt og sjá megi í dómum Hæstaréttar Íslands nr. 400/2015 og Landsréttar nr. 68/2018.

2. Varnaraðili byggir á því að samkvæmt framansögðu hafi verið tiltæk úrræði til þess að bæta öll samskipti innan fjölskyldu hennar og þá t.d. með því einnig að sóknaraðili hefði fengið til liðs við sig fjölskylduráðgjafa. Þessu til viðbótar hefði drengurinn C getað nýtt sér sérstaka aðstoð hjá sálfræðingi og félagsráðgjafa. Þá hefði varnaraðili þurft á að halda sérstakri meðferð hjá sálfræðingi [...].

3. Varnaraðili byggir jafnframt á því að ríkt tilefni hefði verið hjá sóknaraðila að koma því til leiðar að henni hefði verið veittur enn ríkari stuðningur en raun varð á og þá ekki síst með eldri drenginn, D, þar sem ljóst megi vera af gögnum, þ. á m. frá skóla, [...]. Þessu til stuðnings vísar varnaraðili m.a. til áðurrakins forsjárhæfnismats varðandi erfiðar aðstæður hennar og því hefði sóknaraðili þurft að grípa mun fyrr inn í aðstæður en raun var á. Að þessu leyti vísar varnaraðili einnig til erfiðra aðstæðna sinna allt frá barnæsku, en hún sé [...]. Þá hafi hún verið í góðri trú um eigin aðgerðir, þ. á m. er hún hafi leitað til hjálparsamtaka í maímánuði 2018, líkt og rakið hafi verið í málavaxtalýsingu hér að framan og byggir hún á því að í raun hafi vel tekist til í þeim efnum.

4. Varnaraðili byggir á því drengurinn C hafi í raun ekki verið vanræktur í umsjá hennar eða á heimili hennar og því hafi ekki borið brýna nauðsyn til að taka hann af heimilinu. Bendir varnaraðili að þessu leyti m.a. til umsagnar starfsmanna

barnaverndar 14. september 2018 þar sem segir: „Starfsmenn fóru á heimili drengs (C) eftir að bróðir hans neitaði að koma heim þar sem hann upplýsti um ofbeldi móður. Starfsmaður ræddi við drenginn á meðan G ræddi við móður frammi ásamt lögreglu. Drengnum líður vel og sagði óljóst að móðir væri stundum vond við D en gat ekki sagt hvernig, hann gat svarað sumum spurningum starfsmanns en alls ekki öllum. Sagðist honum líða vel bæði í skólanum og heima og að hann ætti marga vini í skólanum sem hann taldi upp ... Ekkert athugavert kom fram í viðtali við drenginn og því tekin ákvörðun út frá því viðtali en einnig út frá viðtali við bróður hans þar sem kom fram að móðir hefði aldrei beitt C ofbeldi þar sem hún teldi að hann væri ennþá barn og því tekin ákvörðun um að hann yrði áfram á heimili móður.“

5. Varnaraðili byggir á því að fjarvistir drengsins C úr skóla, þ.e. á tímabilinu frá 1. september 2018 til 14. febrúar 2019, í samtals 10 daga geti vart talist óvenjulegt sé tillit tekið til veikinda og jafnvel þó svo að henni hafi misfarist að tilkynna um slík forföll. Hið sama megi segja um mætingu drengsins í skóla og hafi því ekki verið um ámælisverða vanrækslu af hennar hálfu að ræða varðandi uppeldi drengsins og umönnun. Að þessu leyti bendir varnaraðili enn fremur á að C hafi átt mjög erfitt með að vera í skólanum og í raun neitað að fara í skólann í þeim tilvikum þegar eldri bróðir hans hafði verið vistaður utan heimilis, þar sem honum hafi liðið illa yfir því, en að auki hefði hann ekki þá notið verndar hans. Loks bendir varnaraðili á að neikvæðar umsagnir starfsmanna sóknaraðila hafi í raun ekki ætíð verið í samræmi við önnur gögn, þar á meðal umsögn umsjónarkennara drengsins, líkt og áður hafi verið rakið.

6. Varnaraðili byggir á því að sérfróðir starfsmenn sóknaraðila hefðu mátt vinna ötullegar að því að útvega henni og drengjunum hennar heimili í [...], enda hafi það verið vilji þeirra og þá vegna fyrri dvalar og jákvæðs andrúmslofts.

7. Varnaraðili byggir á því að gögn málsins sýni í raun að fyrsta tilefnið sem barnavernd taldi ástæðu til að hafa afskipti af yngri drengnum C hafi verið þegar niðurstaða forsjárhæfnismatsins lá fyrir þann 1.

14 febrúar 2019. Varnaraðili bendir á að matsmaðurinn hafi í raun aðeins verið í samskiptum við hana nokkrar klukkustundir um miðjan maí. Byggir hún á því að það hafi í raun ekki verið nægjanlegur tími til að geta lagt fullnægjandi mat á aðstæður og sálfræðilegt mat á alla aðila svo og á heimilisaðstæður. Að því sögðu telur varnaraðili að matsmaðurinn hafi byggt meginhluta matsins á þeim fylgigögnum sem hann hafi fengið í hendur frekar en á hlutlausu mati sínu. Telur varnaraðili forsjárhæfnismatið af þeim sökum ekki vera nægilegt sönnunagagn til að byggja nær eingöngu á því um töku svo íþyngjandi ákvörðunar um að vista drenginn C utan heimilis í 12 mánuði, án þess að nokkur áætlun hafi verið gerð varðandi hann samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaganna.

8. Varnaraðili byggir á því að mál hennar hafi ekki verið nægilega upplýst, sbr. 1. mgr. 41. gr. barnaverndarlaganna, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, og þá í ljósi þess sem hér að framan var rakið. Þá andmælir varnaraðili því að hún hafi fengið umtalsverða uppeldisráðgjöf hjá félagsþjónustu og barnavernd sóknaraðila, og áréttar hún að því leyti það sem rakið var hér að framan um að aldrei hafi verið gerð sérstök áætlun með henni varðandi drenginn C.

9. Varnaraðili vísar til þess að öll meðferð málsins hjá sóknaraðila skýri í raun viðbrögð hennar þegar hún hafi afráðið að fara úr landi með drenginn C. Hafi þessi viðbrögð hennar helst ráðist af ótta hennar við barnavernd og sérhæfða starfsmenn sóknaraðila enda hafi þeir brugðist trausti hennar þar sem hún hafi lagt sig markvisst fram við að vinna með þeim og hafi m.a. farið að þeirra fyrirmælum og ráðum. Hafi markmið hennar á þessum tíma verið að öll fjölskyldan myndi síðar meir sameinast í [...] og búa þar.

10. Varnaraðili byggir á því og áréttar að lagaskilyrði fyrir vistun drengsins C utan heimilis, sbr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hafi í máli þessu ekki verið uppfyllt, þar sem vægari úrræði hafi ekki verið reynd til hlítar áður en gripið var til svo viðurhlutamikils og íþyngjandi úrræðis af hálfu sóknaraðila, sbr. 23., 24. gr., 25. gr., 26. gr., sbr. 27. gr., laganna. Bendir hann á að samkvæmt nefndum ákvæðum sé heimilt að krefjast vistunar utan heimilis án samþykkis foreldris í tvo mánuði, ef úrræði skv. 24. gr. og 25. gr. hafa ekki skilað árangri. Varnaraðili bendir á að úrskurður sóknaraðila um vistun hafi verið kveðinn upp 27. febrúar sl., en í nefndri 28. gr. sé kveðið á um að barnavernd sé heimilt að krefjast úrskurðar héraðsdóms um vistun barns utan heimilis í allt að 12 mánuði telji nefndin það nauðsynlegt, samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 27. gr., standi lengur en þar sér kveðið á um. Varnaraðili byggir á því að greint skilyrði hafi ekki verið uppfyllt í þessu máli um að ráðstöfun á grundvelli 27. gr. laganna hafi verið tekin eða úrskurðað um hana þegar beiðni sóknaraðila var lögð fram þann 20. febrúar 2019, enda hafi úrskurður barnaverndar um vistun drengsins utan heimilis í tvo mánuði, sbr. 27. gr., verið kveðinn upp 27. febrúar sl. Í ljósi þessa byggir varnaraðili á því og áréttar að lagaskilyrði hafi ekki verið fyrir hendi um að dómari úrskurði um vistun drengsins utan heimilis í 12 mánuði, þar sem kveðið sé á um það í lögum að

fyrst skuli krefjast vistunar barns utan heimilis í allt að tvo mánuði á grundvelli 27. gr., en síðan, verði talið nauðsynlegt að vista barn lengur en þá tvo mánuði sem kveðið er á um í lagagreininni, geti nefndin óskað eftir úrskurði dómara um að barnið skuli vistað utan heimilis í 12 mánuði, sbr. 28. gr. sömu laga. Vegna þessa áréttar varnaraðili og byggir á því að ekki sé fyrir hendi lagaheimild fyrir sóknaraðila að óska eftir því að dómari úrskurði um að drengurinn C skuli vistaður í lengri tíma og allt að 12 mánuði utan heimilis, sbr. ákvæði 28. gr. barnaverndarlaganna.

11. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili sé bundinn af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 38. gr. barnaverndarlaganna. Í því felist að barnaverndaryfirvöldum beri aðeins að taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að sé stefnt, verði ekki náð með öðru og vægara móti. Hún byggir á því að brot á meðalhófsreglunni við töku ákvörðunar leiði til þess að hún sé ógildanleg. Að þessu leyti bendir hún á að svo löng vistun sem hér sé farið fram á valdi syni hennar röskun og því sé hagsmunum hans ekki best borgið með þeim hætti. Byggir varnaraðili á því að með greindum ráðstöfunum hafi sóknaraðili ekki gætt meðalhófs við svo íþyngjandi ákvörðun um vistun drengsins á fósturheimili á vegum barnaverndarnefndar í 12 mánuði.

12. Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaganna eigi hagsmunir barna ávallt að vera í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda og enn fremur beri að gæta eftir föngum að því að ráðstafanir félagsmálayfirvalda og dómstóla, sem varði börn, taki mið af því sem þeim sé fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

13. Varnaraðili bendir á að við meðferð barnaverndarmála ber að fylgja meginreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og sérreglum barnaverndarlaga nr. 80/2002, um málsmeðferð. Hún vísar til þess að ein af grundvallarreglum stjórnarsýsluréttar, meðalhófsreglan, sé lögfest í 12. gr. stjórnarsýslulaganna, en einnig sé hún skráð í 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, en þar segir að barnaverndaryfirvöld skuli eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið sé til annarra úrræða. Jafnframt skuli yfirvöld ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að sé stefnt. Og því aðeins skuli gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmaeltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti. Varnaraðili bendir á að í þessari grundvallarreglu felst m.a. að stjórnvaldi ber að velja það úrræði sem er vægast geti fleiri úrræði, sem völ er á, þjónað því markmiði sem að sé stefnt. Að öllu framangreindu virtu byggir varnaraðili á því að lagaskilyrði hafi ekki verið fyrir hendi þegar hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

14. Að því er lagarök varðar byggir varnaraðili kröfur sínar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, aðallega 24.-28. gr., 38. gr. og 41. gr., á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, aðallega 11. og 12. gr. Hún vísar einnig til 71. gr. stjórnarskrárinnar, laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa sóknaraðila um málskostnað styðst aðallega við 60. og 61. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

VI.

Með heimild í 2. mgr. 46. gr. og 2. mgr. 63. gr. a í barnaverndarlögum nr. 80/2002 um barnavernd ákvað dómari á dómþingi 18. mars sl. að gefa syni sóknaraðila, C, kost á því að tjá sig um lýstar ákvarðanir sóknaraðila varðandi vistun hans utan heimilis varnaraðila. Til þess að ræða við drenginn fékk dómari H sálfræðing, en framkvæmdin dróst lítilega vegna áðurrakinna ástæðna, en er viðtalið fór fram hafði drengurinn verið vistaður hjá fósturforeldum. Sálfræðingurinn ritaði skýrslu um viðtalið og var hún lögð fyrir dóminn þann 10. apríl sl. Í skýrslunni segir m.a. frá því að drengurinn sé óskýr í tali og að mjög erfitt sé að skilja hann og hafi einu gilt hvort hann talaði móðurmálið sitt, [...], eða íslensku. Tekið er fram að drengurinn hafi og verið fámáll. Skráð er í skýrslunni að þegar drengurinn hafi verið spurður álitis á því hjá hverjum hann vildi búa, og þá einnig hvar, hefði hann þá ítrekað sagt að hann vildi búa hjá varnaraðila og þá annaðhvort í [...]. Þá hafi hann sagt að stæði vilji móður hans til að búa í [...] stæði vilji hans til þess að búa áfram hjá núverandi fósturmóður í [...], enda liði honum þar vel, en hann saknaði varnaraðila.

VII.

1. Fyrir flutning málsins staðfesti E sálfræðingur áðurrakta matsskýrslu fyrir dómi, en það gerði einnig H sálfræðingur. Þá gaf varnaraðili aðilaskýrslu.
2. Líkt og hér að framan hefur verið rakið varðar mál þetta m.a. gildi úrskurðar varnaraðila um hvort vista eigi son varnaraðila, C, sem nú er [...], utan heimilis hennar í tvo mánuði, sbr. b-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og þá einnig hvort fallast beri á kröfu sóknaraðila um að drengurinn verði vistaður utan heimilisins í samtals tólf mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar

dómsins að telja, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga. 3. Samkvæmt framansögðu hafa málefni drengsins C verið til meðferðar hjá barnaverndarnefnd sóknaraðila í fáein misseri, en helst virðist mega rekja upphafið til þess er tilkynning barst um aðbúnað drengsins og vansæld, en þó frekar eldri bróður hans, þann 6. mars 2018. Liggur fyrir að nokkru áður, eða [...], hafði málefni varnaraðila og nefndra sona hennar komið til meðferðar hjá félagsþjónustu sóknaraðila vegna flutnings þeirra í sveitarfélagið og þá frá [...] þar sem þau höfðu dvalið frá árinu áður. Ráðið verður af gögnum að fljótlega eftir að nefnd tilkynning barst barnaverndarnefndinni hafi áhyggjur starfsmanna hennar farið að snúast um almennan aðbúnað drengjanna og þá m.a. varðandi mætingar í einum af grunnskólum sveitarfélagsins. Þá liggur fyrir að næstu misserin virðist nær allt félagsmálasvið sóknaraðila hafa komið að málefnum varnaraðila og þá þannig að henni og sonum hennar var veittur margvíslegur stuðningur. Hafi ekki síst verið um að ræða úrræði sem beindust að því að styrkja varnaraðila í uppeldis- og foreldrahlutverkinu.

Af gögnum verður ráðið að sérfróðir starfsmenn sóknaraðila hafi helst komið að málefnum eldri bróður C og samskiptum hans við varnaraðila. Liggur þannig fyrir að haustið 2018 var afráðið með rökstuddri tillögugerð að eldri drengurinn, D, færi tímabundið í bráðbirgðavistun á fósturheimili og þá vegna óviðunandi aðbúnaðar hans hjá varnaraðila. Óumdeilt er að þegar þessari vistun lauk var af hálfu starfsmanna sóknaraðila ráðist í frekari stuðningsaðgerðir gagnvart varnaraðila og báðum sonum hennar. Af þessu tilefni voru gerðar ítrekaðar áætlanir samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem þó vörðuðu beinlínis aðeins eldri drenginn.

4. Fyrir liggur að vegna ofangreindra aðgerða var í lok árs 2018 lagt fyrir varnaraðila að gangast undir forsjárhæfnismat, og gekk það eftir. Það var

niðurstaða hins sérfróða matsmanns samkvæmt staðfestri skýrslu hans, dagsettri 1. febrúar 2019, að varnaraðili sé ekki hæf til þess að axla ábyrgð sem forsjáradili drengsins C, en þá einnig gagnvart bróður hans, D, og að utanaðkomandi og fekari stuðningsaðgerðir nægi ekki til að breyta því.

5. Eins og fyrr hefur verið rakið höfðaði sóknaraðili mál hér fyrir dómi þar sem gerð var krafa um vistun drengsins C í tólf mánuði. Var málið þingfest þann 26. febrúar sl. Daginn eftir kvað barnaverndarnefnd sóknaraðila upp úrskurð um vistun C utan heimilis varnaraðila og þá í tvo mánuði. Til grundvallar ofangreindum aðgerðum lágu fyrir hin viðamiklu gögn um drenginn C, en einnig um eldri bróður hans og um aðstæður þeirra og aðbúnað á heimili varnaraðila. Að auki lágu til grundvallar fyrrnefnt forsjárhæfnismat um varnaraðila svo og gögn starfsmanna skólastofnunar drengsins, greinargerðir sérfróðra starfsmanna sóknaraðila, sem m.a. hafa haft samstarf við aðra sérfræðinga, sem fjallað hafa um málefni fjölskyldunnar á liðnum misserum.

Við meðferð málsins hjá sóknaraðila var varnaraðila m.a. veittur andmælaréttur, sem hún nýtti með aðstoð lögmanns síns. Þá liggur fyrir að er þetta gerðist var þegar til meðferðar málarekstur sóknaraðila gegn varnaraðila, sem varðaði sambærilegt málefni eldri bróður C, en endanlegum lyktum þar um er lýst í úrskurði Landsréttar þann 16. apríl sl., í máli nr. 235/2019. Það er niðurstaða dómsins að ofangreindu virtu að við undirbúning ákvörðunar og síðar úrskurðar sóknaraðila í febrúar sl., að því er varðaði málefni drengsins C, hafi verið farið að ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og er málsástæðum varnaraðila þar um hafnað.

6. Fram er komið að eftir flutning sóknaraðila til [...]. Hélt hún þar heimili ásamt sonum sínum tveimur. Og eins og hér að framan var rakið benda gögn málsins, eðli málsins samkvæmt, til þess að varnaraðili hafi strax frá upphafi búsetu sinnar í sveitarfélagi fengið víðtækan stuðning hjá félagsmálayfirvöldum. Einnig verður af framlögðum gögnum ráðið að á vegum skólayfirvalda hafi sérstaklega verið hugað að komu m.a. C í Grunnskóla [...]. [...].

7. Fyrir liggur að barnaverndarnefnd sóknaraðila greip til sérstakra ráðstafana og viðbragða vegna aðstæðna drengsins C í byrjun febrúar sl. og þá í tilefni af gerð matsskýrslu hins sérfróða aðila um forsjárhæfni varnaraðila. Áður hafði sóknaraðili gripið til aðgerða vegna eldri bróður C, haustið 2018, en þar var um að ræða neyðarvistun utan heimilis varnaraðila í fimm vikur á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Verður ráðið að til grundvallar lýstum ráðstöfunum og þá vegna drengsins C hafi, auk nefndrar sérfræðiskýrslu um varnaraðila, m.a. legið fyrir nýlegt vottorð frá grunnskóla drengsins, en einnig skýrslur og fjölmargir dagálar starfsmanna sóknaraðila. Er til þess að líta að samkvæmt gögnum var mjög aukið við eftirlit með heimili og aðstæðum varnaraðila haustið 2018. Liggja þannig fyrir í málinu fjöldi dagaála, en einnig greinargerðir fjölskylduráðgjafa og félagsráðgjafa, auk greinargerða starfsmanna sóknaraðila, eins og áður var rakið.

8. Það er niðurstaða nefnds sálfræðings, sem gerði hið ítarlega forsjárhæfnismat á varnaraðila, að margvíslegar stuðningsaðgerðir hafi ekki reynst fullnægjandi, en þar hafi helst komið til vangeta varnaraðila, ásamt úthalds- og úrræðaleyssi hennar, en einnig vanræksla og skilningsleysi. Af þessum sökum hafi árangur verið óviðunandi. Það er einnig niðurstaða sálfræðingsins, sem staðfest var

fyrir dómi, að vegna vangetu varnaraðila hafi skólastarf drengsins C ekki gengið sem skyldi, en að auki hafi hann verið félagslega einangraður og vansæll. Það er og niðurstaða sálfræðingsins að verði ekki gripið í taumana geti afleiðingarnar fyrir drenginn orðið ófyrirsjáanlegar, en af þeim sökum hafi velferð hans verið ógnað við þær aðstæður sem hann bjó við hjá varnaraðila. Þessu álitni hefur ekki verið hnekk.

Af framangreindu verður ráðið að C sé í viðkvæmri stöðu, en hann er m.a. mjög ungur að árum. Þá er til þess að líta að tengsl hans við varnaraðila virðast ekki vera sem skyldi. Hann virðist m.a. hafa verið mjög afskiptur og einangraður á heimilinu. Áðurlýstur vilji drengsins, m.a. í viðtali hjá kunnáttumanni sem dómari fékk til að ræða við hann, skiptir máli, en ræður þó ekki úrslitum eins og hér stendur á.

9. Að öllu framangreindu virtu, og þegar litið er til þeirra ríku hagsmuna sem í húfi eru og hvað ætla megi að drengnum C sé fyrir bestu, eins og nú stendur á, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, eru að álitni dómsins skilyrði til, samkvæmt b-lið 27. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr., sömu laga, að fallast á kröfur sóknaraðila samkvæmt úrskurði hans frá 27. febrúar 2019 um vistun drengsins utan heimilis í tvo mánuði. Með sömu forsendum er fallist á röksemdir og kröfur sóknaraðila um tímabundna vistun drengsins utan heimilis varnaraðila og þá umfram nefnda tvo mánuði.

Þegar gögn málsins eru virt heildstætt, en einnig m.a. í ljósi yfirlýsinga varnaraðila fyrir dómi, þ. á m. um breytt viðhorf hennar að því er varðar eðlilegt tómtunda- og félagsstarf drengsins C, og þá einnig um að hún ætli sér ekki að láta trú sína hindra gjörðir drengsins að því leyti, er það niðurstaða dómsins að fallast beri á kröfu sóknaraðila um tímabundna vistun drengsins utan heimilis frá

uppkvaðningu úrskurðar þessa. Í ljósi aðstæðna og atvika verði hins vegar lok vistunartíma drengsins miðuð við 14. janúar 2020, og þá þannig að tími vinnist til að veita varnaraðila stuðning þannig að aðstæður megi eftir atvikum verða fullnægjandi fyrir drenginn C.

Samkvæmt ofansögðu, en að öðru leyti með hliðsjón af röksemdum sóknaraðila, er hafnað kröfum varnaraðila um að felldur verði úr gildi hinn kærði úrskurður frá 27. febrúar sl.

10. Sóknaraðili fékk gjafsókn í máli þessu með tveimur bréfum dómismálaráðherra, dagsettum 25. febrúar og 21. mars 2019. Rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður varnaraðila greiðist úr ríkissjóði eins og í úrskurðarorði greinir, en ekki er þar tekið tillit til virðisaukaskatts. Samkvæmt 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála tekur dómurinn ekki afstöðu til útlagðs kostnaðar.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, A, um að úrskurður sóknaraðila, barnaverndarnefndar B, frá 27. febrúar 2019, um að drengurinn C verði vistaður utan heimilis hennar í tvo mánuði frá nefndum degi, verði felldur úr gildi. Fallist er á kröfu sóknaraðila um að drengurinn verði vistaður tímabundið utan heimilis varnaraðila frá uppkvaðningu úrskurðar þessa og þá til 14. janúar 2020. Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður varnaraðila, sem er málflutningsþóknun lögmanns hennar, Evu Dóru Kolbrúnardóttur, 935.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

[Úrskurður Landsréttar í máli nr. 326/2019]